

Ed. 947. Frumvarp til laga [396. mál]

um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. apríl.)

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 30. gr. laganna komi nýr stafliður svohljóðandi:

e. heimilt að innheimta sérstakt jöfnunargjald af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim. Gjald þetta skal greitt af tollverði hinnar innfluttu vöru og má að hámarki ákveða gjaldið annaðhvort þannig að:

1. samanlagt tollverð og jöfnunargjald hinnar innfluttu vöru miðað við meðaltal innflutningsverðs viðkomandi vöru eða vöruflokks síðasta almanaksmánuð sé ekki hærra en heildsöluverð sömu vöru án álagningar þegar það er ákveðið skv. 13.–15. gr. á innlendri framleiðslu
2. eða lagt sé allt að 200% gjald á tollverð hinnar innfluttu vöru sé heildsöluverð viðkomandi framleiðsluvöru hér á landi ekki ákveðið skv. 13.–15. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu jöfnunargjalds og hvaða vörur skuli gjaldskyldar. Að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr. um innheimtu á jöfnunargjaldi skv. þessum staflið. Tekjur af gjaldi þessu skulu renna í ríkissjóð. Ákvæði 2. mgr. 35. gr. gilda ekki um ákvarðanir skv. þessum staflið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.